

14
4. júní

L Ö G

um

löggilding verslunarstaðar við Málmeijarsund innan við Votaberg.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Við Málmeijarsund innan við Votaberg skal vera löggiltur verslunarstaður.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar atvinnumálaráðuneytið hefir ákveðið takmörk verslunarlóðarinnar samkvæmt lögum nr. 61, 10. nóv. 1905, og birt í B-deild Stjórnartíðindanna.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalúborg, 4. júní 1924.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Magnús Guðmundsson.